



Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti
B.t. Ragnhildar Hjaltadóttur, ráðuneytisstjóra
Sölvhólgötu 19
101 Reykjavík

Varðar: Auglýsing um starf forstjóra Vegagerðarinnar.

Embætti forstjóra Vegagerðarinnar hefur verið auglýst laust til umsóknar. Í auglýsingu ráðuneytisins er leitað eftir einstaklingi sem hefur leiðtogaþæfileika, er framsýnn í hugsun, hefur sýnt hæfni í samskiptum og samvinnu og hefur metnað til að ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs.

Undir liðnum Hæfniskröfur má meðal annars finna eftirfarandi:

- Háskólamenntun á meistarastigi **eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi.**

Þetta orðalag kemur stjórn Verkfæðingafélags Íslands (VFÍ) spánskt fyrir sjónir og er hér með óskað eftir skýringum á því hvað nákvæmlega er átt við.

Reykjavík, 13. apríl 2018.

Fyrir hönd stjórnar Verkfæðingafélags Íslands.

Páll Gíslason

Páll Gíslason, formaður VFÍ.